

1. Bóka þarf fund á skrifstofu til að ganga frá eigendaskiptum vegna skilnaðar eða sambúðarslita. Aðilar máls geta komið saman eða í sitthvoru lagi.
2. Á fundinn þarf að koma með gögn frá sýslumanni sem staðfesta skilnaði/sambúðarslit og gögn sem sýna fjárskipti.
3. Aðilar máls þurfa einnig að koma með skriflegt samkomulag sín á milli sem staðfestir að sá sem flytur út geri ekki kröfu í búseturéttinn síðar meir.
4. Aðilinn sem tekur búseturéttinn yfir þarf að gerst félagsmaður, ef hann er það ekki fyrir, áður en eigendaskiptin fara fram.
5. Ef aðilinn sem flytur út er sá sem fékk íbúðinni úthlutað í byrjun missir hann félagsnúmer sitt skv. samþykktum félagsins.
6. Peningamálin eru alfarið á milli aðilanna sem eru að skilja. Sá sem verður eftir er almennt að borga hinn út.
7. Ef aðilar eru með virkt Landsbankalán við skilnað þarf sá sem verður eftir að standast greiðslumat o.s.frv. til að taka lánið yfir eða greiða lánið upp.
8. Á fundinum á skrifstofunni er skrifað aftan á gildandi samning „ósk um aflýsingu“ og rétthafinn skrifa nafnið sitt undir svo hægt sé að aflýsa þeim samningi. Ef gildandi samningur hefur glatast er búin til yfirlýsing um að hann sé glataður og henni síðar þinglýst.
9. Á sama fundi er gerður nýr samningur við þann aðila sem verður eftir í íbúðinni.
10. Ef til skilnaðar kemur í eldri íbúð sem ber svokölluð „tekjumarkslán“, þarf aðilinn sem verður eftir í henni að koma með gögn sem sanna að hann falli undir tekju- og eignamörk. Þetta eru launaseðlar síðustu 6 mánaða og afriti af síðasta skattaframtali. Ef hann er ekki undir tekju- og eignamörkum þarf að breyta lánum á íbúðinn í „almennt lán“ og búsetugjaldinu í takti við það.
11. Kostnaður vegna skilnaðar er skv. verðskrá og innifelur m.a. alla skjalagerð og þinglýsingakostnað.